

Mál nr.193/2022

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis

Skráningarnúmer ökutækis: A

Orsakatengsl. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttakið 16. júní 2022 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 30. júní 2022.
3. Bréf M, dags. 11. júlí 2022.

Málsatvik.

Í lögregluskýrslu, dags. 13. maí 2022, er haft eftir M að þann 16. júlí 2021 hafi hún lent í umferðaróhappi við Hátún 10, Reykjavík. Samkvæmt framburði M var hún farþegi á hlaupahjóli sem ekið var í suðurátt á gangstétt eftir Hátúni. Lýsir hún atvikum á þá leið að þegar hjólinu var ekið yfir götuna við innkeyrslu á bifreiðaplaninu hafi bifreiðin A komið frá planinu og farið í veg fyrir hjólið. Kvaðst M hafa lent framan á bifreiðinni og eftir það orðið aum í bakinu sem hefur valdið því að hún þurfti meðferð hjá sjúkrahjálfa. Kvaðst hún ekki muna í hvaða átt bifreiðin var að beygja frá bifreiðaplaninu né heldur hvort henni var ekið greitt eða rólega. M kvaðst ekki viss um hver hafði ekið bifreiðinni en taldi að það hefði verið karlmaður og að kona hafi verið farþegi. Fólkið í bifreiðinni hafi komið út og talað við hana, en um hafi verið að ræða rauða Mitsubishi bifreið með tiltekið bílnúmer. Aðspurð sagði M að ökumaður hlaupahjólans væri karlmaður sem hún hefði hitt skömmu áður en hún kynni ekki nánari deili á honum og hefði ekki hitt hann aftur eftir atvikið. Þá er enn fremur haft eftir M að hún hafi farið á Heilsugæsluna í Árbæ og hitt þar heimilislækni u.þ.b. mánuði eftir atvikið þar sem ekkert var að lagast.

Lögreglan tók einnig skýrslu af ökumanni bifreiðarinnar. Aðspurð kveðst hún muna eftir atvikinu en kvað dagsetninguna sem M gaf upp ekki rétta. Atvikið hafi átt sér stað þann 9. júlí 2021 um hádegisbilið en ekki þann 16. júlí. Kvaðst ökumaður bifreiðarinnar hafa verið að koma frá bifreiðastæði fyrir húsinn að Hátúni 10-12 og ekið mjög rólega að gatnamótunum með akstursstefnu til hægri og byrjað að líta til vinstri og svo til hægri þegar hún sér hlaupahjólið koma mjög snögglega suður eftir göngustígnum. Segir hún hlaupahjólið með ökumann þess og farþega hafa lent fremst á hægri framenda bifreiðarinnar. Kvað hún ökumann hlaupahjólans og farþega hafa dottið í götuna. Hún hafi því farið út úr bifreiðinni ásamt eiginmanni sínum og hugað að fólkinu. Karlmaðurinn hafi verið ökumaður hlaupahjólans og kona farþegi. Hún kvaðst hafa boðið að aka þeim á spítala en þau afþakkað. Ökumaður bifreiðarinnar kvaðst ekki hafa rætt um meiðsl í samtali við þau og það hafi vírst eins og þau vildu ekki gera mikið mál úr þessu. Kvaðst henni hafa fundist eins og fólkið á hlaupahjólinu væri í annarlegu ástandi. Kvaðst ökumaður bifreiðarinnar ekki hafa séð skemmdir á hlaupahjólinu, þá hafi engar skemmdir orðið á bifreiðinni og fólkið haldið för sinni áfram á hlaupahjólinu.

M telur sig hafa orðið fyrir líkamstjóni vegna árekstursins og hefur hún krafist bóta vegna líkamstjóns úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar hjá V.V hafnaði bótaskyldu vegna atviksins með bréfi dags. 31. maí 2022 með vísan til þess að orsakatengsl milli slyssins og þeirra einkenna sem M hefur lýst séu ósönnuð.

Álit.

Óljóst er af gögnum málsins hvenær áreksturinn varð. Segir m.a. í tjónstilkynningu M til V að áreksturinn hafi orðið þann 16. júlí 2021. Ökumaður bifreiðarinnar fullyrðir hins vegar að atvikið hafi átt sér stað þann 9. júlí 2021. Þrátt fyrir framangreint og að teknu tilliti til gagna málsins telur nefndin nægilega sannað að umræddur árekstur hafi orðið, þó dagsetning atviksins liggi ekki fyllilega fyrir. Ágreiningur þessa máls snýr þ.a.l. einungis að því hvort rekja megi líkamleg einkenni M til árekstursins. Af fyrirliggjandi sjúkragögnum má ráða að M hafi fyrst leitað á heilsugæsluna vegna einkenna sem hún rekur til árekstursins hinn 14. október 2021, u.þ.b. þremur mánuðum eftir að atvikið átti sér stað. Í málskoti segir að M hafi leitað til heimilislæknis og fengið beiðni í sjúkrabjálfun vegna afleiðinga árekstursins en engin frekari gögn liggja fyrir um þá meðferð. Þá er engum samtímagögnum um málið

til að dreifa. Eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni, og þá sérstaklega með hliðsjón af því hve gögn eru af skornum skammti, verður að telja að ekki sé sýnt fram á orsakatengsl milli umrædds áreksturs og tjóns þess sem M telur sig hafa orðið fyrir. Er kröfu hennar því hafnað.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V

Reykjavík, 30. ágúst 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Guðmundur Stefán Martinsson